
HRAUNGERÐISHREPPUR

ÞINGBORG 801 SELFOSS

kt. 640169-2819 sími 482 3260 fax 482 3285

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1804
komudagur 3.5.2005

Þingborg 2.maí 2005

Alþingi
- nefndasvið

Efni: Umsagnir um þingmál. (Einnig sendar í tölvupósti í dag)

Á fundi hreppsnefndar Hraungerðishrepps þ. 27.apríl sl. voru eftirfarandi umsagnir samþykktar:

X Umsögn um samgönguáætlun.


Hreppsnefnd Hraungerðishrepps telur brýnt að ráðist sé í það stóra verkefni að ljúka uppbyggingu allra tengivega landsins og koma þeim í nútímahorf. Á mörgum þeirra er mjög mikið umferðarálag. Má þar t.d. nefna vestanverðan Oddgeirshólaveg í Hraungerðishreppi.

Umsögn um lagafrumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Hreppsnefnd Hraungerðishrepps telur að mæta þurfi ýmsum nýjum verkefnum sem lög kveða á um, (t.d. fornleifaskráningu við skipulagsgerð og lestrarskimun), með auknum og breiðari tekjustofnum. Mætti í því sambandi t.d. huga að hlutdeild í virðisaukaskatti.

F.h. Hraungerðishrepps

Viðingarfyllst


Guðmundur Stefánsson
HRAUNGERÐISHREPPUR